

Reglugjörð

65

2. mars

um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Heilbrigðisnefnd skal annast um, að allir hundar 2ja mánaða og eldri, er hittast innan lögsagnarumdæmisins þá er hundahreinsun fer fram, sjeu hreinsaðir af bandormum svo vel sem frekast er unt. Hreinsun fer fram í maí og nóvember árlega eftir leiðarvísi, er heilbrigðisnefnd semur. Ef heilbrigðisnefnd telur sjerstaka ástæðu til getur nefndin fyrirskipað aukahreinsun.

2. gr.

Til starfans skipar heilbrigðisnefnd 1 mann í Siglufirði og annan í Hjeðinsfirði. Getur enginn karlmaður, búsettur innan lögsagnarumdæmisins, að undanteknum embættismönnum, bæjarfulltrúum, símamönnum og starfsmönnum bæjarins, skorast undan að gegna starfi þessu 4 ár í senn.

3. gr.

Hverjum hundeiganda er skylt að hafa helsi á hundi sínum með áletruðu Sgf. og tölu. Heilbrigðisnefnd afhendir hreinsunarmönnum bók, er árlega skulu skráðir í hundar kaupstaðarbúa, aldur, heiti, helsistala, nafn eiganda og bústaður. Þar skal og skrá hvenær hreinsanir fari fram og með hverjum árangri. Helsið skal sett á hundana í viðurvist hreinsunarmanna að minsta kosti haustið 1920, er hreinsun fer fram.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur gera steinlímdan kofa í Siglufirði til hreinsananna og skal færa þangað hunda til hreinsunar samkvæmt auglýsingu hreinsunarmanns, en hreinsun hunda utan hreinsunarkofa er stranglega bönnuð. Þó getur heilbrigðisnefnd gert undantekningu frá þessu að því er snertir Hjeðinsfjörð, Siglunes og Dali.

5. gr.

Hunda skal hreinsa í nóvember og maí árlega og skulu hreinsunarmenn auglýsa stað og stundu hreinsana með 10 daga fyrirvara á venjulegan hátt. Öllum hundeigendum er þá skylt að láta koma með hunda sína í hreinsunarkofann eftir þeirri röð, er hreinsunarmaður tiltekur og vera honum til aðstoðar við inngjöf og böðun ef þess er krafist. Ef forföll valda, að hundur komi eigi til hreinsunar á tilteknum tíma, skal eigandi tilkynna hreinsunarmanni og láta svo fljótt sem unt er og samkvæmt skipun hreinsunarmanns koma með hundinn, er hreinsunarmaður svo hreinsar. Ef hundeigandi vanrækir þetta, telst hann hafa skotið hundi undan hreinsun.

65

2. mars

Hreinsunarmenn skulu tvisvar á ári, í desember og júní, gefa heilbrigðisnefnd nákvæma skýrslu um hundahreinsanir samkvæmt fyrirmynd heilbrigðisnefndar.

7. gr.

Nú verður vart við bandorm í hundi milli hreinsana og skal þá elgandi hans færa hann hreinsunarmanni svo fljótt sem frekast er unt, en teljast ella sekur um að hafa skotið hundi undan hreinsun. Sá hundur verður þó eigi undanþeginn hreinsun á hinum lögskipaða tíma, ef meira en 3 vikur eru til næsta hreinsunarmánaðar.

8. gr.

Skylt er öllum af fremsta megni að varna því, að hundur nái að jeta sulli eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjóti alidýra. Einnig skal þess vandlega gætt, að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból, að þeir hafist eigi við í íbúðarhúsum, baðstofum eða búrum og að börn leiki sjer ekki við þá. Þessar og aðrar varúðarreglur gegn sullaveiki skal heilbrigðisnefnd og lögregluþjórnar brýna fyrir almenningi.

9. gr.

Heinsunarmenn skulu halda hundahaldsbækur eftir fyrirmynd heilbrigðisnefndar. Skulu hreinsunarmenn gæta starfsins með árvekni og alúð og rækilega brýna fyrir mönnum að gæta sem mestrar varúðar í umgengni við hunda og ganga eftir því eftir megni, að brendir sjeu sullir úr sláturfje. Hreinsunarmenn fá að launum 1 kr. fyrir hverja hreinsun hunds, er hund-eigandi greiðir. Eunnfremur greiðist 1 kr. fyrir hverja hreinsun úr bæjarsjóði. Taka má gjaldið lögtaki hjá hundeiganda.

10. gr.

Hreinsun hunda og allri meðferð á undan og eftir skal hagað nákvæmlega eftir leið arvísi þeim, er hjer fer á eftir og eftir ákvæðutu heilbrigðisnefndar innan þeirra takmarka, er leiðarvísirinn setur. Meðulin útvegar heilbrigðisnefnd á kostnað bæjarsjóðs.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 5—50 kr., er renna í bæjarsjóð. Með mál út af slikum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

12. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. maí 1920 og er þá úr gildi numin reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu um lækning hunda af bandormum o. fl. frá 23. mars 1903 að því er lög-sagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar snertir.

Leiðarvísir

65

2. mars

um hreinsun hunda af bandormum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðarkaupstaðar.

1. Heilbrigðisnefnd ákveður, hver lyf skuli gefin hundunum inn við hreinsunina og annað nánara um tilhögun við hana.

2. Meðan á hreinsun stendur, skal hver hundur vera sjer í bás eða klefa, er hann eigi getur sloppið úr af eigin rammleik. Klefi sá ætti helst að vera úr steinsteypu, svo að auðvelt sje að rannsaka hvað af hundinum gengur og að hreinsa klefann vandlega á eftir. Klefinn verður að vera vel þjettur að neðan svo hátt sem fullri hæð hundsins nemur, til þess að ekkert úr hundinum komist út fyrir hann.

3. Á undan hreinsun skal hundur sveltur að minsta kosti í 24 klukkutíma og haldið í hreinsunarklefa í 12 tíma eftir að honum hefir verið gefið inn hreinsunarmeðalið. Skal þess gætt, ef meðalið eigi verkar eða hundurinn ælir því, að gefa honum þá inn aftur uns meðalið verkar.

4. Áður en hundi er slept úr hreinsunarklefa, skal baða hann vandlega úr legi, blönduðum úr 39 mælum af volgu vatni og einum mæli af kreolíni, eða eftir því hlutfalli. Hundurinn skal vera niðri í baðinu í 3 mínútur svo að eigi standi annað upp úr en vitin. Gott væri að bursta hundinn með snörpum burstu, einkum að aftan og fætur hans að neðan.

5. Sullameinvaldur (*taenia echinococcus*) nefnist bandormur sá, er veldur sullaveiki í mönnum og ýmsum alidýrum og er hann að eins 4 millimetrar á lengd ($\frac{1}{6}$ úr þumlungi) og mjór að sama skapi. Hann sjest því eigi nema með nákvæmri eftirtekt. Af honum stafar hættan. Einungis af því, að hann hefir komist úr hundi í menn, hafa þeir orðið sullaveikir. Önnur tegund er vankavaldur (*taenia coenurus*) sem er einnig bandormur í hundi 40—60 cm. á lengd (15—23 þumlungar). Ef hann eða egg hans kemst úr hundi í sauðkind, veikist hún innan 3 vikna af höfuðsótt (vauka). Þessar 2 tegundir bandorma hundsins eru þannig afarhættulegar og er einsætt að gera alt, sem auðið er, til að eyða þeim ormum og varna því, að þeir komist í menn eða skepnur. Þegar því búið er að hreinsa hundana, ríður á því að brenna alt, sem úr þeim hefir gengið, en fróðlegt er að rannsaka áður hvort fyrnefdir bandormar eru í því.

6. Hundahreinsunarmenn þurfa að fara mjög varlega með fót sín og sjálfa sig og gæta allrar varkárni og vandvirkni.

7. Sullameinvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli, sjerstaklega úr lifur og lungum. Og vankavaldur kemur í hundana að eins af því, að þeir jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuðsóttarkindar. Ef komið yrði algerlega í veg fyrir þetta, mundu bandormar þessir deyja út og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðfje. Að vita þetta, ætti hverjum manni að vera ærin hvöt til þess að telja það nauðsyn og helga skyldu sína að varna því eftir mætti, að hundar nái að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geta leynst í, og meðan hundar eru enn grunsamir í því efni, að þá sje þannig hagað umgengni við þá, að sem minst hætta stafi af þeim.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Siglufjarðar 2. mars 1920.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 8. mars 1920.

G. Hannesson.